

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/212****2017/EES/48/33****frá 7. febrúar 2017**

**um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fjárpest, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 5. og 6. mgr. 32.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fjárpest er ekki enn til. Tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins ættu að taka til þeirra sviða laga um fóður og matvæli og heilbrigði dýra þar sem þörf er á nákvæmum niðurstöðum í efna- og sjúkdómsgreiningu. Uppkomur fjárpestar kalla á nákvæmar niðurstöður í efna- og sjúkdómsgreiningu.
- 3) Hinn 30. júní 2016 kallaði framkvæmdastjórnin eftir umsóknum um að velja og tilnefna tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir fjárpest. Tilnefna ætti rannsóknarstofuna sem varð fyrir valinu, „Centre de coopération internationale en recherche agronomique pour le développement (CIRAD)“ sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir fjárpest.
- 4) Til viðbótar við almennt hlutverk og skyldustörf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, ætti að fela rannsóknarstofunni, sem varð fyrir valinu, tiltekin sértæk verkefni og skyldur. Þær tengjast einkum tengslum milli landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa í aðildarríkjum til að styðja hlutverk þeirra og leggja til bestu aðferðir fyrir greiningu á fjárpest.
- 5) Því ætti að breyta II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

„Centre de coopération internationale en recherche agronomique pour le développement (CIRAD)“ í Montpellier, Frakklandi, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir fjárpest.

Mælt er fyrir um viðbótarskyldur og verkefni þessarar rannsóknarstofu í viðaukanum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

## 2. gr.

Í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 bætist við eftirfarandi 20. liður:

„20. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir fjárpest

„Centre de coopération internationale en recherche agronomique pour le développement (CIRAD)“

TA A-15/G,

Campus International de Baillarguet

34398 Montpellier Cedex

Frakkland“.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir fjárpest**

Til viðbótar við almenn hlutverk og skyldustörf tilvísunarrannsóknarstofa ESB á sviði dýraheilbrigðis, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, skal tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir fjárpest sinna eftirfarandi skyldum og verkefnum:

1. Að tryggja tengsl milli landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa í aðildarríkjum og að leggja til bestu aðferðir fyrir greiningu á fjárpest í búfé, einkum með því að:
  - a) tegundargreina og lýsa eiginleika ónæmisvaka og genamengis, greina veirur þróunarsögulega (tengsl við aðra stofna sömu veirunnar) og með því að geyma stofna fjárpestarveira til að auðvelda greiningarþjónustu í Sambandinu og, ef við á og er nauðsynlegt, t.d. til faraldsfræðilegrar eftirfylgni eða staðfestingar á sjúkdómsgreiningu,
  - b) koma upp og viðhalda uppfærðu safni af stofnum og einangrum fjárpestarveira og af sértæku sermi og öðrum prófefnum gegn sjúkdómnum, þegar eða ef þeir eru tiltækir,
  - c) samræma greiningu og tryggja hæfni í prófunum innan Sambandsins með því að skipuleggja og sjá um reglubundna fjölsetra þjálfun að því er varðar samanburðarprófanir og ytri gæðatryggingu vegna greiningar þessa sjúkdóms á vettvangi Sambandsins og með reglulegum sendingum á niðurstöðum slíkra prófana til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og viðkomandi landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa,
  - d) viðhalda sérfræðipækkingu á sjúkdómnum til að unnt sé að gera skjóta samanburðargreiningu, einkum í tengslum við aðra veirusjúkdóma,
  - e) framkvæma rannsóknir með það að markmiði að þróa bætтар aðferðir við sjúkdómsvarnir í samstarfi við landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur, sem voru tilnefndar fyrir þennan sjúkdóm, og eins og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt,
  - f) ráðleggja framkvæmdastjórninni varðandi vísindaleg atriði í tengslum við fjárpest og einkum varðandi val og notkun á stofnum bóluefna við fjárpest.
2. Að styðja hlutverk landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa í aðildarríkjum sem tilnefndar voru fyrir greiningu á fjárpest, einkum með því að:
  - a) geyma og útvega þessum rannsóknarstofum staðalsermi og önnur viðmiðunarprófefni, svo sem veirur, óvirkjaða ónæmisvaka eða frumulínur, til að hægt sé að staðla greiningarprófunina og prófefnin sem eru notuð í hverju aðildarríki fyrir sig, ef gerð er krafa um samngreiningu smitvaldsins og/eða notkun sermiprófana,
  - b) veita virka aðstoð við greiningu á sjúkdómum í tengslum við grun um og staðfestingu á uppkomum í aðildarríkjum með því að taka á móti einangrum fjárpestarveira til staðfestingar á sjúkdómsgreiningu, lýsingar á eiginleikum veira og til að eiga þátt í faraldsfræðilegum rannsóknum Tilkyntna framkvæmdastjórninni, sem og aðildarríkjunum og viðkomandi landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum, án tafar um niðurstöður úr þessum aðgerðum.
3. Að veita upplýsingar og láta frekari þjálfun fara fram, einkum með því að:
  - a) auka framboð á þjálfun, endurmenntunarnámskeiðum og vinnufundum í þágu landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa, sem tilnefndar voru fyrir greiningu á fjárpest, og sérfræðinga í rannsóknarstofugreiningu með það fyrir augum að samhæfa greiningartækni fyrir þennan sjúkdóm í gervöllu Sambandinu,
  - b) taka þátt í alþjóðlegri umræðu, einkum er varðar stöðlun greiningaraðferða fyrir þennan sjúkdóm og framkvæmd þeirra,
  - c) hafa samstarf við viðkomandi, þar til bærar rannsóknarstofur í löndum utan ESB þar sem þessi sjúkdómur er algengur, að því er varðar greiningaraðferðir fyrir fjárpest,
  - d) endurskoða viðkomandi tillögur, sem mælt er fyrir um í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr og í handbók um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, á árlegum fundi landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa, sem tilnefndar eru fyrir greiningu á fjárpest,

- e) aðstoða framkvæmdastjórnina við að endurskoða tillögur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar sem mælt er fyrir um í heilbrigðisreglum um landdýr og handbók um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr.
  - f) fylgjast með framförum á sviði faraldsfræði fjárpestar.
-